



Örvun 4-6 mánaða barns



Hvatning

Vera saman, kynnast, njóta samverunnar.

Tala saman, kjá, hnoðast, glettast, sýna, leika.

Ekki tala ofan í hjal barnsins.

Hreyfing

Liggja á grúfu til að styrkja háls/herðar, handleggi og bak og skoða heiminn frá því sjónarhorni.

Hjálpa til að velta sér yfir á hliðarnar, af grúfu á bak og síðar frá baki og yfir á grúfu til að styrkja axlir, bol að aftan og framan og vöðvana í kringum hálsinn.

Sitja með stuðningi til að fá tilfinningu fyrir því að halda bol uppréttum og finna jafnvægi höfuðs og bols, sem barnið fær líka með því að hoppa og dansa í kjöltu þess sem heldur á því.

Umhverfi

Létt, traust og hættulaus leikföng, sem þola hvað sem er.

Slá í gólf/borð, sleifar, kubbar, hringlur.

